

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, föstudaginn 11. febrúar kl. 09:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 856.  
embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs.  
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ingvar Jón Bates Gíslason, Sólveig  
Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Björn  
Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson

## Þetta gerðist:

- Bústaðavegur 151, (fsp) breytt notkun** (01.826.102) Mál nr. SN210519  
Skjalnr. 7581  
Arkís arkitektar ehf., Vesturvör 7, 200 Kópavogur  
Lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf. f.h. eiganda, dags 12. júlí 2021, varðandi  
breytta notkun úr atvinnuhúsnæði í íbúðir á lóðum nr. 151 B-D við Bústaðaveg. Lagðar  
fram tillögur dags. 28. júní 2021 og bréf hönnuðar dags. 12. júlí 2021. Einnig er lögð  
fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022 samþykkt.*
- Hverfisgata 46, breyting á skilmálum** (01.172.0) Mál nr. SN200262  
deiliskipulags Skjalnr. 8146  
Þingvangur ehf., Smiðsbúð 7, 210 Garðabær  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Þingvangs ehf. dags. 30. apríl  
2020 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Brynjureits vegna lóðarinnar nr. 46  
við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að breytt er texta í 14. málsgrein í kaflanum "Sér  
ákvæði fyrir einstök hús" þannig að bætt er í textann að heimilt verður að vera með  
gistiaðstöðu á fyrstu hæð hússins við Hverfisgötu og atvinnustarfsemi og gistiaðstöðu á  
efri hæðum, samkvæmt tillögu Urban arkitekta ehf. dags. 22. apríl 2020. Einnig er lögð  
fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 12.  
janúar 2022 til og með 9. febrúar 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Fernando Bazan  
dags. 19. janúar 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar  
2022.  
*Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022 sbr. a. lið 2.  
gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr.1020/2019.*
- Reykjavíkurflugvöllur 106748 -** (01.6) Mál nr. SN210792  
**Nauthólsvegur 66, breyting á deiliskipulagi** Skjalnr. 12448  
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
Isavia ANS ehf., Reykjavíkurflugvelli, 102  
Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 29. nóvember 2021 varðandi breytingu á  
deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar vegna lóðarinnar nr. 66 við Nauthólsveg. Í  
breytingunni felst afmörkun lóðar fyrir Flugstjórnarmiðstöð Reykjavíkur, stækkun á  
byggingarreit og aukningu á byggingarmagni, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf.  
dags. 29. nóvember 2021. Einnig er lagt fram samgöngumat Verkís dags. 1. júní 2021.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu  
og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.*

4. **Ásvegur 11, Breytingar 2.hæð - Verönd á þaki bílskúrs** (13.531.21) Mál nr. BN060482  
Skjalnr. 13971  
Auður Jóna Erlingsdóttir, Hamrabýggð 16, 220 Hafnarfjörður  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054381 með því að breyta innra skipulagi á 2. hæð, breyta gluggapóstum og til að gera verönd á þaki bílskúrs við hús á lóð nr. 11 við Ásveg.  
Gjald kr. 12.600  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
5. **Höfðabakki 7, breyting á deiliskipulagi** (04.070.4) Mál nr. SN220004  
Skjalnr. 6772  
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. janúar 2022 var lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 5. janúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða eystri vegna lóðarinnar nr. 7. við Höfðabakka. Í breytingunni felst hækkun á mæni bakhúss um 2,5 m og við það skapast möguleiki á milligólf. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðar úr 0,7 í 1,0 ásamt því að bílastæðakröfur eru uppfærðar í samræmi við bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 4. janúar 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.*
6. **Sogavegur 222, (fsp) kjallari í bílskúr** (01.837.0) Mál nr. SN220061  
Skjalnr. 11914  
Guðmundur Pálmason, Sogavegur 222, 108 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Pálssonar dags. 1. febrúar 2022 um að gera kjallara í fyrirhugaðan bílskúr á lóð nr. 222 við Sogaveg með innangengt frá norðausturhlið, samkvæmt tillögu ódags.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
7. **Suðurlandsbraut 16, Viðbygging** (12.631.02) Mál nr. BN060331  
Skjalnr. 5524  
Glitir ehf., Suðurlandsbraut 16, 108 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir viðbyggingu til suðurs, undirstöður, botnplata og útveggir eru steinsteyptir en burðarvirki þaks er timbur, jafnframt er sótt um áður gerðar breytingar, þ.e. fyllt upp í útgangshurð 0206, breyting á innra skipulagi 0307, endurgerð og bætt við starfsmannaaðstöðu og bætt við björgunarleið út úr kaffistofu rýmis 0313 í húsi á lóð nr. 16 við Suðurlandsbraut. Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm. Gjald kr.12.100  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
8. **Gerðarbrunnur 46, Einbýlishús** (50.547.02) Mál nr. BN060415  
Skjalnr. 14605  
Hálf dán Kristjánsson, Furuás 1, 221 Hafnarfjörður  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteyppt einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og innbyggðum bílskúr á lóð nr. 46 við Gerðarbrunn.  
Stærðir: xx,x ferm., xx,x rúmm. Erindi fylgir mæliblað 5.054.7 dags. 8. janúar 2019 og hæðablað 5.054.7-B4 dags. maí 2018. Gjald kr. 12.100  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

9. **Hvammssgerði 13, Byggja ofan á** (18.025.07) Mál nr. BN060532  
Skjalnr. 9094  
Snorri Örn Clausen, Hvammssgerði 13, 108 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hæð úr timbri ofaná, breyta innra skipulagi, klæða að utan með liggjandi báruáli og breyta sólstofu í yfirbyggða verönd við einbýlishús á lóð nr. 13 við Hvammssgerði.  
Stækkun: 77 ferm. Eftir stækkun, A-rými: 190,9 ferm., 561,7 rúmm.  
B-rými: 24,4 ferm. Samtals 215,3 ferm. Gjald kr. 12.600  
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
10. **Norðlingabraut 2, Verslunar- og skrifstofuhúsnæði** (47.344.02) Mál nr. BN060405  
Skjalnr. 14601  
JÁVERK ehf., Gagnheiði 28, 800 Selfoss  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. febrúar 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að reisa tveggja hæða verslunar- og skrifstofuhúsnæði, staðsteypt að mestu, burðarvirki milligólfs og þaks verði stálvirki á lóð nr. 2 við Norðlingabraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.  
Stærð er: 3.043,3 ferm., 14.979,1 rúmm. Erindi fylgir greinargerð arkitekta, ódagsett og greinargerð brunahönnuðar dags. 21. desember 2021. Gjald kr. 12.100  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022 samþykkt.
11. **Nýlendugata 24, breyting á deiliskipulagi** (01.131.1) Mál nr. SN210818  
Skjalnr. 12255  
Þórhallur Gunnarsson, Nýlendugata 24, 101 Reykjavík  
P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. janúar 2022 var lögð fram umsókn Páls V. Bjarnasonar dags. 15. desember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 24 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst að heimilt er að stækka og breyta byggingarreit hússins, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu dags. 15. desember 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. janúar 2022. Erindinu var frestað, umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lagt fram að nýju.  
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Nýlendugötu 22 þegar uppdrættir hafa verið lagfærðir.  
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. sbr. gr. 12 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
12. **Laugarnesvegur 75, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.345.2) Mál nr. SN220046  
Skjalnr. 14566  
Anna Birna Guðlaugsdóttir, Laugarnesvegur 75, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. febrúar 2022 var lögð fram umsókn Önnu Birnu Guðlaugsdóttur dags. 22. janúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis norðan sundlaugavegar vegna lóðarinnar nr. 75 við Laugarnesveg. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar vegna byggingu anddyris á norðurhlið hússins, samkvæmt uppdr. Vigfúsar Halldórssonar dags. 3. nóvember 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Laugarnesvegi 77.  
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. sbr. gr. 12 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

13. **Urðarbrunnur 94, Breytingar - BN059246 -** (50.543.04) Mál nr. BN060542  
*Svalastækkun* Skjalnr. 14470  
 Rúnar Ingi Guðjónsson, Fjarðarsel 6, 109 Reykjavík  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059246 sem felst í að stækka svalir 0203 á austurhlið 2. hæðar um 1 metra til austurs, úr 0,6 m í 1,6m á húsi á lóð nr. 94 við Urðarbrunn.  
 Stærð: óbreytt (þó svalir stækka) Gjald kr.12.600  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
14. **Vitastígur 9 og 9A, breyting á skilmálum** (01.174.0) Mál nr. SN210809  
*deiliskipulags* Skjalnr. 14025  
 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík  
 Batteríð Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. desember 2021 var lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar dags. 8. desember 2021 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.174.0 vegna lóðanna nr. 9 og 9A við Vitastíg. Í breytingunni felst niðurrif húsanna og enduruppbygging ásamt hækkun á nýtingarhlutfalli og byggingarmagni lóðanna, samkvæmt uppdr. Batterísins Arkitekta ehf. dags. 1. desember 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 18. október 2021 og 15. nóvember 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.*
15. **Hraunberg 5, (fsp) niðurrif og uppbygging** (04.670.8) Mál nr. SN220064  
 Icecard ehf., Þverholti 2, 270 Mosfellsbær Skjalnr. 10971  
 Lögð fram fyrirspurn Icecard ehf. dags. 3. febrúar 2022 ásamt bréfi dags. 2. febrúar 2022 um að rífa núverandi íbúðarhús á lóð nr. 5 við Hraunberg og byggja í þeirra stað fjölbýlishús.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
16. **Akurgerði 37, Bílskúr** (18.132.02) Mál nr. BN059963  
 Skjalnr. 11877  
 Bryndís Theresía Gísladóttir, Akurgerði 37, 108 Reykjavík  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr með einhalla þaki á lóð nr. 37 við Akurgerði. [Stærð bílskúrs er: 40,0 ferm., 126,4 rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. október 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. október 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 29. október 2021. Gjald kr. 12.100  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Akurgerði 35 og 39.*  
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

17. **Bugðulækur 18, Tvöfaldur bílskúr** (13.443.07) Mál nr. BN059978  
Skjalnr. 10769  
Friðleifur E Guðmundsson, Bugðulækur 18, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. desember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. desember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tvöfaldan staðsteyptan bílskúr á norðaustur hluta lóðar með hurð og glugga út á borgarland á lóð nr. 18 við Bugðulæk. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.  
Erindi fylgir samþykki sumra eigenda á Bugðulæk 18 og 20 dags. 22. september 2021 og ódagsett bréf frá hönnuði um aðkomu frá borgarlandi. Stærði bílskúra er: 58,2 ferm., 220,8 rúmm. Gjald kr. 12.100  
*Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.*
18. **Járnháls 2-4, breyting á deiliskipulagi** (04.323.3) Mál nr. SN210732  
Skjalnr. 11742  
Arkís arkitektar ehf., Vesturvör 7, 200 Kópavogur  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 var lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 1. nóvember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Járnháls. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir. Kvöð um umferð er sett á lóðina fyrir umferð að Krókhálsi 3 (neðri hæð) ásamt því að ný lóðarlína er dregin í miðju þeirrar kvaðar og bætt við umferð að Krókhálsi 1 (neðri hæð). Byggingarreitir eru stækkaðir og nýtingarhlutfall hækkað ásamt því að kvaðir sem eru á mæliblaði fyrir Járnháls 2-4 eru færðar inn á deiliskipulagsuppdrátt og ný aðkoma er gerð að lóð nr. 4, samkvæmt uppd. Arkís arkitekta ehf. dags. 12. október 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. xxxx.  
*Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.*
19. **Vatnssígur 13, (fsp) rekstur gististaðar** (01.152.2) Mál nr. SN220041  
Skjalnr. 14597  
Pálmi Tung Phuong Vu, Úlfarsbraut 52, 113 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. janúar 2022 var lögð fram fyrirspurn Pálma Tung Phuong Vu dags. 13. janúar 2022 um rekstur gististaðar í flokki II í rými merkt 08 0302 í húsinu á lóð nr. 13 við Vatnssíg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.*
20. **Skúlagata 13, staðsetning ökutækjaleigu** (01.154) Mál nr. SN220055  
Skjalnr. 10028  
Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. janúar 2022 var lögð fram fyrirspurn Samgöngustofu dags. 26. janúar 2022 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Sæunnar Óskar Unnsteinsdóttur f.h. Hopp Deilibíla ehf. um að reka ökutækjaleigu að Skúlagötu 13. Sótt er um leyfi fyrir 10 ökutækjum í útleigu sem leigðar verða af Höldur/Bílaleigu Akureyrar. Ökutæki eru staðsett innan þjónustusvæðis hopp og má leggja þeim hvar sem er í bílastæði á borgarsvæðinu, ekki verða sérmerkt stæði fyrir ökutæki. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022 samþykkt.*

21. **Borgartún 8-16A, breyting á deiliskipulag** (01.220.1) Mál nr. SN220066  
Skjalnr. 5902  
Pálmar Kristmundsson, Aðalstræti 25, 470 Þingeyri  
Höfðatorg ehf., Lynghalsi 4, 110 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 3. febrúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Höfðatorgs, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 8-16A við Borgartún. Í breytingunni felst að byggingareit er bætt við á 7. hæð Katrínartúns 6 fyrir glerbyggingu, samkvæmt uppdr. PK arkitekta dags. 4. apríl 2008, br. 2. febrúar 2022.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*  
*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/20221.*
22. **Brautarholt 32, breyting á deiliskipulagi** (01.250.1) Mál nr. SN210558  
Skjalnr. 14267  
Kristinn Ragnarsson, Skaftahlíð 27, 105 Reykjavík  
Hekla hf., Pósthólf 5310, 125 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. ágúst 2021 var lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 3. ágúst 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skipholtsreits vegna lóðarinnar nr. 32 við Brautarholt. Í breytingunni felst breyting á bílastæðafjölda, hækkun á vegg hæð sem snýr að Brautarholti og hækkun á nýtingarhlutfalli, samkvæmt uppdr. KRark dags. 3. ágúst 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.*
23. **Bryggjuhverfi við Grafarvog, breyting á deiliskipulagi vegna Naustabryggju 31-33** (04.0) Mál nr. SN210816  
Skjalnr. 7634  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. janúar 2022 var lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis við Grafarvog vegna Breyting á deiliskipulagi "Bryggjuhverfis" vegna húsa 12A, B, C og D (Tangarbryggju 6-8, 10, 12 og 12A og Naustabryggju 17-19 og 31-33) og aðliggjandi borgarlands. Í breytingunni felst að skilgreind eru tvö bílastæði fyrir hreyfihamlaða eitt á lóð og annað í borgarlandi, samkvæmt tillögu uppdrætti Arkís arkitekta dags. 24. janúar 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Tangarbryggju 6-8, 10, 12 og 12A og Naustabryggju 17-19, 21, 29, 31-33, 55 og 57*  
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
24. **Grensásvegur 13, Reyndarteikningar á innra skipulagi + svalir** (14.650.01) Mál nr. BN060534  
Skjalnr. 7771  
Húsfélagið Grensásvegi 13, Grensásvegi 13, 108 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og til að setja svalir á austur og suðurhlíð 2. og 3. hæð á húsi á lóð nr. 13 við Grensásveg.  
Stærð: Óbreytt. Gjald kr.12.600  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

25. **Laugavegur 105, Breytingar inni -** (12.400.05) Mál nr. BN060167  
**Gististaður fl.2 teg.g 3-5 hæð** Skjalnr. 10620  
Hlemmur ehf., Fjallalind 102, 105 Reykjavík  
Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til breytinga á innra skipulagi 1.-5. hæða og kjallara. Í kjallara er komið fyrir geymslum fyrir allar íbúðir auk þvottahúss, á 1. hæð er komið fyrir hjólageymslu, sorpgeymslan er færð og gluggagat síkkað á suðausturhlið til að koma fyrir hurð inn í nýja sorpgeymslu, á 2. hæð er íbúðum fækkað úr 11 í 8, á 3.-5. hæð er komið fyrir 35 íbúðum ætlaðar undir rekstur á gististað í flokki II tegund g í húsi á lóð nr. 105 við Laugaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. desember 2021. Erindið er lagt fram að nýju ásamt uppdrætti Arkþings/Nordic dags 10. febrúar 2022 og greinargerð, m.a. er nú reiknað með 28 íbúðum á 3.-6.hæð. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022 Stærð er: Óbreytt. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afritum aðaluppdráttar samþykktir þann 7. október 2014. Gjald kr.12.100  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022 samþykkt.*
26. **Lautarvegur 8, Reyndarteikningar** (17.943.02) Mál nr. BN060540  
**v/lokaúttektar** Skjalnr. 14165  
Bstjóri ehf., Lautarvegi 8, 103 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem eru að lóðamörkum til vesturs hefur verið breytt, innra skipulagi á öllum hæðum hefur verið breytt, komið hefur verið fyrir setlaug vestan húss á lóð og möguleiki gerður fyrir svalalokanir á 1. og 2. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 8 við Lautarveg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga  
Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Eftir stækkun, A-rými: 640,3 ferm., 2.089 rúmm. B-rými: 74,1 ferm. Samtals: 714,4 ferm. Gjald kr. 12.600  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
27. **Skipholt 5, Breyta í tvær íbúðir - 2.hæð** (12.412.08) Mál nr. BN059811  
Skjalnr. 14461  
VeV ehf., Ásapingi 11, 203 Kópavogur  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta notkun rýma 0201 og 0202, úr atvinnuhúsnæði/skrifstofum í tvær íbúðir með svölum á norðurhlið 2. hæðar í atvinnu- og íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 5 við Skipholt. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022. Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 20. ágúst 2021 og afrit af aðalteikningum samþykktum 30. október 1958 og 7. apríl 1998. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. desember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021. Gjald kr. 12.100  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022 samþykkt.*

28. **Álfabakki 6, framkvæmdaleyfi** (04.60) Mál nr. SN220060  
Skjalnr.  
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda- og viðhalds dags. 1. febrúar 2022 um framkvæmdaleyfi fyrir gerð bráðabirgða vinnuveg fyrir lóð Álfabakka 6 (Garðheimar). Einnig er lögð fram yfirlitsmynd ódags. og vinnuteikning Hnit verkfræðistofu fyrir fyrri hluta og seinni hluta dags. 24. september 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.  
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis.*  
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.*
29. **Hesthál 14, Standar fyrir auglýsingaskilti** (43.218.01) Mál nr. BN059671  
Skjalnr. 7192  
DENGSI ehf., Bolholti 4, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir uppsetningu auglýsingaskilta á steiptum undirstöðum í borgarlandi. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.  
Gjald kr. 12.100  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022 samþykkt.*
30. **Hesthál 14, Standur fyrir auglýsingaskilti** (04.321) Mál nr. BN060324  
Skjalnr. 7192  
DENGSI ehf., Bolholti 4, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. desember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. desember 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir uppsetningu auglýsingaskiltis á steyptri undirstöðu á borgarlandi vestanmegin Lönguhlíðar, sunnan við gatnamót að Bólstaðarhlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.  
Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 2. desember 2021. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022 samþykkt.*
31. **Hólmsheiði/Fjárborg/Almannadalur, breyting á deiliskipulagi** (05.8) Mál nr. SN210665  
Skjalnr. 8008  
Hestamannafélagið Fákur, Brekknaás 5, 110 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Hestamannafélagsins Fáks dags. 22. september varðandi breytingu á deiliskipulagi Hesthúsabyggðar á Hólmsheiði. Í breytingunni felst annars vegar breytingar á framtíðaráætlunum á svæðinu og hins vegar samræming skipulagsins að núverandi stöðu. Um er að ræða breytingar í þrettán liðum, auk fimm lagfæringa á uppdrætti til samræmis við núverandi stöðu, samkvæmt uppdr. Landslags. dags. 16. október 2021. Tillagan var auglýst frá 1. desember 2021 til og með 12. janúar 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sveinbjörn Guðjohnsen f.h. stjórnar Fjáreigendafélags Íslands dags. 11. janúar 2022, Ólafur R. Dýrmundsson Ph.D. dags. 11. janúar 2022 og Bjarni Jónsson dags. 12. janúar 2022. Erindinu var vísað til umsagnar á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. janúar 2022 og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

32. **Kjalarnes, Brautarholt 1, framkvæmdaleyfi**

Mál nr. SN220040  
Skjalnr. 10166

Bjarni Pálsson, Brautarholt 1, 162

Lögð fram umsókn Bjarna Pálssonar dags. 19. janúar 2022 um framkvæmdaleyfi í landi Brautarholts 1 á Kjalarnesi vegna framkvæmda við golfbrautir sem felst í gerð golfhola og vinnu á æfingasvæði. Einnig er lögð fram greinargerð dags. 2. febrúar 2022, teikning af golfvelli dags. 21. október 2009 og gildandi deiliskipulag fyrir svæðið.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

33. **Suður Mjódd, breyting á deiliskipulagi** (04.91)

Mál nr. SN210778  
Skjalnr. 8101

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar vegna lóðanna nr. 2D, 4 og 6 við Álfabakka. Í breytingunni felst breytt lega götunnar Álfabakka á stuttum kafla við lóðirnar nr. 4 og 6 auk stækkunar á miðlunartjörn Veitna. Jafnframt sökum þess þarf að minnka lóðirnar Álfabakka 2d og 4 og þannig fækka heildarbyggingarmagni á þeim lítillega. Á lóð Álfabakka 6 er innkeyrsla fyrir lóð færð vestar auk þess sem heildarbyggingarmagn A- og B-rýmis minnkar. Aðrar minni breytingar skv. tillögu má sjá á deiliskipulags- og skýringaruppdráttum teiknistofunnar Stord dags. 16. nóvember 2021, br. 11. febrúar 2022. Tillagan var auglýst frá 17. desember 2021 til og með 31. janúar 2022. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagt fram bréf íbúaráðs Breiðholts dags. 4. janúar 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. febrúar 2022 og er nú lagt fram að nýju. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.*

34. **Hofsvallagata 49, (fsp) svalir** (01.542)

Mál nr. SN210721  
Skjalnr. 14571

Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. janúar 2022 var lögð fram fyrirspurn Haralds Ingvarssonar dags. 12. október 2021 um að setja svalir á suðurhlið hússins á lóð nr. 49 við Hofsvallagötu, samkvæmt uppdr. Plúsarkitekta ehf. dags. 12. október 2021. Einnig er lagt fram samþykki eigenda ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.*

35. **Langholtsvegur 17, Áður gerðar breytingar** (13.552.04)

Mál nr. BN060503  
Skjalnr. 14606

Langholtsvegur 17, húsfélag, Langholtsvegi 17, 104 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi matshluta nr. 01 og 02, að auki er sótt um að fá eign F2018048 og F2018051 skráðar sem samþykktar íbúðir í húsi á lóð nr. 17 við Langholtsveg.  
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm. Erindi fylgir samþykki eiganda dags. 24. janúar 2022, afrit lóðarleigusamnings dags. 10. maí 2013, afrit afsala og kaupsamninga, bréf hönnuðar dags. 25. janúar 2022 og ljósmyndir sem eru ódagsettar. Gjald kr.12.600  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

36. **Rökkvatjörn 6-8, (fsp) breyting á skilmálum** (05.052.3) Mál nr. SN210819  
*deiliskipulags* Skjalnr. 14012  
Lifandi Byggingar ehf., Ármúla 3, 108 Reykjavík  
T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. febrúar 2022 var lögð fram fyrirspurn Ásgeir Ásgeirsson dags. 15. desember 2021 ásamt bréfi dags. 14. desember 2021 um breytingu á skilmálum deiliskipulags Úlfarsárdals vegna lóðanna nr. 6-8 við Rökkvatjörn sem felst í að heimilt verði að svalir á sunnanverðu fari 800 mm út fyrir byggingarreit. fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022 samþykkt.*
37. **Öldugata 47, Svalir 2.hæð - gluggar síkkaðir** (11.344.12) Mál nr. BN060310  
*- stigagangur* Skjalnr. 10628  
Valdimar Einar Valdimarsson, Öldugata 47, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera svalir á suðurhlíð íbúðar 0201, síkka glugga til að koma fyrir tvöfaldri svalahurð og setja á léttu vegg undir svalir til að skýla aðalinngangi íbúðar 0101 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 47 við Öldugötu.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi nr. 47 og aðliggjandi lóðarhafa að Öldugötu 45 og Brekkustíg 15 á afriti af innlögðum teikningum og A3 afrit af aðaluppdráttum stimpluðum 20. mars 2018. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. desember 2021. Gjald kr. 12.100  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
38. **Barðavogur 24, breyting á deiliskipulagi** (01.442) Mál nr. SN210793  
Skjalnr. 14350  
Karl Kvaran, Skaftahlíð 38, 105 Reykjavík  
Lilja Rós Óskarsdóttir, Barðavogur 24, 104 Reykjavík  
SP(R)INT STUDIO ehf., Skaftahlíð 38, 105 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Karls Kvarans dags. 29. nóvember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna lóðarinnar nr. 24 við Barðavog. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar, stækkun hússins og aukning á nýtingarhlutfalli, samkvæmt uppdr. SP(R)INT STUDIO ehf. dags. 28. nóvember 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 6. janúar 2022 til og með 3. febrúar 2022. Engar athugasemdir bárust.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
39. **Miðstræti 5, Kvistur og þaksvalir.** (11.832.03) Mál nr. BN060065  
*Gera timburpall, hjólageymslu og sorpskýli* Skjalnr. 14534  
FÓ eignarhald ehf., Ármúla 24, 108 Reykjavík  
Kristín Sigríður Reynisdóttir, Miðstræti 5, 101 Reykjavík  
Valdimar Tryggvi Hafstein, Miðstræti 5, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. janúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til að gera kvist og þaksvalir á austurhlíð þriðju hæðar, stækka kvisti og sameina rými á annarri hæð, gera dyr út úr eldhúsi fyrstu hæðar að palli og tröppum til austurs og nýjar kjallaratröppur á austurhlíð, bætt við hjólageymslu og timburpalli í suðaustur horni lóðar og sorpskýli komið fyrir við lóðarmörk til norðurs við hús á lóð nr. 5 við Miðstræti. Stækkun er: 5 ferm., 18,1 rúmm. Erindi fylgir yfirlitsmynd göturreits ódagsett, umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 14. september 2021 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 6. september 2021. Samþykki eigenda aðliggjandi lóða dags. 25. nóvember 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021. Gjald kr.12.100

*Leiðrétt bókun frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 28. janúar 2022.*

*Rétt bókun er:*

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Miðstræti 3a og 7 og Þingholtsstræti 24, 26 og 28.*

*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.*

**40. Nýlendugata 21 og 21A, breyting á deiliskipulagi**

(01.131.2)

Mál nr. SN210812  
Skjalnr. 14457

VA arkitektar ehf., Laugavegi 26, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. desember 2021 var lögð fram umsókn Richard Ólafs Briem dags. 10. desember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðanna nr. 21 og 21A við Nýlendugötu. Í breytingunni felst m.a. sameining lóðanna,

stækkun og hækkun húsanna og að heimilt verði að gera sex íbúðir af mismunandi stærðum á lóðinni, samkvæmt deiliskipulags- og skýringarupph. VA arkitekta ehf. dags. 11. desember 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Leiðrétt bókun frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 28. janúar 2022.*

*Rétt bókun er:*

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Nýlendugötu 19, 19b, 23, 20a, 22, 24 og 24b og Vesturgötu 38, 40 og 42.*

*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:40.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir